

Menntamálaráðuneyti

Frá félagi sögukennara

Umsögn um frumvarp til framhaldsskóla.

Vegna nýs frumvarps til laga um framhaldsskóla teljum við ástæðu til að gera eftirfarandi athugasemdir:

III.kafli, 3. gr.

Um starfstíma.

Engin ákvæði eru um þann tíma sem nám til stúdentsprófs í íslenskum framhaldsskóla á að taka. Æskilegt væri að slíkt væri afmarkað í lögnum þar sem skortur á ákvæði um þetta atriði býður því heim að ákvörðun um lengd náms til stúdentsprófs verði tekin án lagasetningar. Æskilegt er að lögin afmarki árafjölda eða einingafjölda náms til stúdentsprófs því annars er hættu á einhliða ákvörðun námslengdar án umræðu um þörf fyrir framhaldsmenntun eða gildi hennar. Greinin er "loðin."

IV. kafli, 4. gr.

Um stjórnun.

Æskilegt væri að breyta þessu ákvæði svo að í stað "Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til og ber ábyrgð á o.s.frv." komi "Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála er lög þessi taka til, ber ábyrgð á framkvæmd þeirra og felur menntamálaráðuneyti að annast aðalnámskrá o.s.frv."

Í VIII. kafla, námskrár og mat, 21.gr. segir svo:

"Þar skal kveðið á um hversu oft nemandi má endurtaka próf og birtar reglur um rétt nemenda til að sjá prófúrlausnir sínar."

Hér þyrfti að bæta við: "og að nemandi eða kennari hafi rétt til að áfrýja úrskurði námsmats til hlutlægs aðila ef til ágreinings kemur um úrskurð."

Þessi regla er þegar í aðalnámskrá og getur komið sér vel bæði fyrir nemendum og kennara til að eyða vantrausti, hindra geðþóttaákvörðanir og veita kennurum aðhald í námsmati. Reyndar verður að telja að þessi regla er ein hin mikilvægasta til að veita kennurum aðhald í námsmati, yfirferð og prófagerð.

VIII. kafli, 24 gr.

Samræming prófa kann að virðast traustvekjandi í ýmsum greinum en þó ber að vara við henni af ýmsum ástæðum. Reynsla af samræmdum prófum í grunnskólum hefur sýnt að þau valda því að nemendur öðlast það viðhorf að námsgreinar séu mis mikilvægar í eðli sínu og því beri að leggja mismiklar áherslur á nám eftir mikilvægi. Reynsla framhaldsskólakennara í sögu hnígur í þessa átt. Sú tilhneiging er því miður til að grunnskólakennarar hyllast til

að nota greinar eins og sögu sem eins konar "uppbótargreinar" þar sem óhætt er að gefa háa einkunn. Þetta veldur því að æði oft koma nemendur úr grunnskólum upp í framhaldsskóla með mjög villandi upplýsingar um eigin getu í greinum eins og sögu. Sú tilhneiging er ríkjandi að gefa samræmdum greinum vissan forgang í skólakerfinu, ýta öðrum greinum til hliðar og beina allri athyglinni að undirbúningi undir samræmd próf.

Það viðhorf má alls ekki verða ríkjandi að námsgreinar í framhaldsskóla, þar sem fólk er búið undir framhaldsnám á ólíkum sviðum, séu ekki jafnar að rétti. Svo langt má ganga að halda því fram að samræmd próf í ýmsum greinum gangi á svig við vestrænar lýðræðishugmyndir um frelsi menntunar. Einnig bjóða samræmd próf heim fjöldatakmörkunum í æðri menntun að framhaldsskóla loknum.

Æskilegt væri að leita annarra leiða. Þar má til dæmis stinga upp á leiðum eins og þeirri að menntamálaráðuneyti áskilji sér rétt til að kanna með hlutlægum aðferðum árangur nemenda og vera einstökum skólum til leiðbeiningar um námsmat og kröfur ef ástæða þykir til eða að farið sé fram á slíkt.

Einnig má benda á að mótsögn felst í greininni sjálfri þar sem segir að almennt námsmat sé í höndum kennara og deildarstjóra en sé það hins vegar ekki þegar að lokaprófi kemur.

Enn fremur hlýtur að vera erfitt að skilgreina hvað sé lokapróf og hvenær það sé tekið, að minnsta kosti ef á að fara eftir núverandi skipulagi framhaldsskólanna þar sem nám í einstökum greinum er misjafnt eftir brautum.

Hins vegar hlýtur að vera sjálfsagt að námi sem veitir réttindi til starfa, svo sem í iðngreinum, sé lokið með viðurkenndum hætti.

Orðalagið "Lokapróf úr framhaldsskóla er veitt geta rétt til frekara náms eða réttindi til starfa" er lóðið og óljóst, því stúdentspróf sem slíkt veitir aðeins réttindi til frekara náms.

Ennfremur má nefna að æskilegt væri að sjá í frumvarpinu ákvæði um þau réttindi sem nemendur ættu að geta treyst á gagnvart námi sínu. Sem dæmi má nefna

Að allir einstaklingar eigi rétt á almennu námi

Að allir sem þess óska eigi þess kost að afla sér æðri menntunar eftir hæfileikum sínum, framlagi sínu til námsins, löngun sinni og getu og að fá menntun síma metna til réttinda samkvæmt hlutlægum matsaðferðum eða önnur svipuð.

Selfossi 30.12. 1994


Erlingur Brynjólfsson